

Gjaldskrá Undralands Flúðum fyrir árið 2022

Kjarnatími leikskólans er milli kl. 8-16 mánudaga – fimmtudaga og 8 – 15 á föstudögum.

1. Gjaldfrelsi er árgangana 2016, 2017 og 2018, á kjarnatíma leikskólans.
2. Frá hausti 2022, eftir sumarfrí, verður gjaldfrjálst fyrir öll börn 2017, 2018, 2019, 2020, nema annað verði ákveðið, á kjarnatíma.
3. Leikskólagjöld annarra barna eru eftir því sem hér segir:

Viðvera pr. dag	mánaðargjald
4 klst	14.540 kr
5 klst	18.175 kr
6 klst	21.810 kr
7 klst	25.445 kr
8 klst	29.080 kr

10% álag reiknast á börn yngri en 18 mánaða.

4. Vistunargjald fyrir hverjar 15. mín utan kjarnatíma er 260 kr. pr. dag.
5. Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma að morgni og eða ef sótt er of seint. Gjaldið er 515 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
6. Fæðisgjald er innheimt af öllum börnum og fer gjaldið eftir gjaldskrá mötuneytis Flúðaskóla hverju sinni.

Fyrir árið 2022 verður gjaldið eftirfarandi:

	pr. dag	pr. mán
Hádegisverður	381	7620
Morgunhressing	100	2000
Síðdegishressing	125	2520

Frá 1. janúar 2022: Ef barn er veikt í þrjá daga eða lengur samfleytt er hægt að sækja um að felldur sé niður mötuneytiskostnaður þá daga og þá sem eftir koma séu dagarnir fleiri.

Foreldrar skulu senda upplýsingar um svo langvarandi veikindi til leikskólastjóra, undraland@undraland.is eigi síðar en 22. hvers mánaðar.

7. Afsláttur vegna forgangshópa og systkina er eftirfarandi:

Forgangshópar	25%
Systkinaafsláttur	50%

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina á kjarnatíma.

Peir sem rétt eiga á forgangsaflætti eru eftirfarandi:

Námsmenn í fullu námi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Vera í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 30 ECTS einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða. **Námið sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.**

Einstæðir foreldrar: Afsláttur er veittur að fenginni umsókn foreldris. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra. Foreldri sem greiðir leikskólagjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.

Öryrkjar: Foreldri sem er 75% öryrki eða getur framvísað gildu endurhæfingarlífeyrisskírteini fær afslátt af vistunargjaldi. Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða endurhæfingarlífeyrisskírteini. Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis berst leikskólastjóra.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsafslátt og systkinaafslátt. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla.

Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Ef barn fer í leyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður né afsláttur veittur.